



Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd Blönduós bæjar - 11. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 26. ágúst 2015
og hófst kl. 17:00

Fundinn sátu:

Valgarður Hilmarsson, formaður
Jakob Jónsson, aðalmaður
Guðmundur Sigurjónsson, aðalmaður
Erla Ísafold Sigurðardóttir, aðalmaður
Bjarni Þór Einarsson, byggingafulltrúi
Ágúst Þór Bragason, yfirmaður tæknideildar
Jón Jóhannsson, slökkviliðsstjóri

Fundargerð ritaði: Ágúst Þór Bragason.

Dagskrá:

1. Hafnarbraut 6 - Umsókn um byggingarleyfi og breytta notkun - 1508015

Sölufélag A- Húnvetninga svf. sækir um byggingarleyfi og breytta notkun fyrir gistaðstöðu í flokki 2, tegund gistinga c. gistiskáli, í vesturenda iðnaðarhússins að Hafnarbraut 6 á Blönduósi. Umsókninni fylgir aðaluppdráttur gerður hjá Stoð ehf. verkfræðistofu af Magnúsi Ingvarssyni byggingarfræðingi.

Þar sem byggingin er á iðnaðarsvæði þá samþykkir nefndin byggingaráformin og skilyrta breytta notkun við tímabundna notkun sem verbúð fyrir starfsmenn fyrirtækisins.

2. Geitaskarð land - Umsókn um nafnbreytingu - 1508016

Jóhannes E. Levy, fyrir hönd Góðu barnanna ehf. sækir um nafnbreytingu á frístundahúsinu Geitaskarð lóð landnúmer 145422. Sótt er um að nafninu verði breytt í Skarð. Einnig er sótt um byggingarleyfi til að rífa 4,7 m² skúr sem skráður er sem matshluti 01, en hann mun hafa fokið.

Nefndin samþykkir nafnbreytinguna sem sótt er um og byggingarleyfi til niðurrifs á matshluta 01.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____